

Mánudaginn 26. októbermán.

Nr. 30/1885.

Hannes Hafsteinn

gegn

Kr. Ó. Þorgrímssyni.

Dómur :

Með stefnu, dagsettri 11. ágúst þ. á., hefur stud. juris Hannes Hafsteinn skotið til landsyfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 9. júlímán. þ. á., í máli milli hans og bóksala Kr. Ó. Þorgrímssonar út af skuld, er áfrýjandi telur sig eiga hjá hinum stefnda, og var Kr. Ó. Þorgrímsson með þeim dómi sýknaður af kærum og kröfum Hannesar Hafsteins, sem var dæmdur til að greiða 12 kr. í málskostnað; svo voru og orðin: „rangindi“ í sókn stefnandans, og „ósvífinn“ í vörn hins stefnda dæmd dauð og ómerk.

Í máli þessu liggur þannig, að útgefendur ritsins „Verðandi“ Bertel E. Ó. Þorleifsson, Einar Hjörleifsson, Gestur Pálsson og Hannes Hafsteinn sendu árið 1882 hinum stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni hjer í bænum, 50 eintök af nefndu riti til útsölu, og fjekk hinn stefndi í sama skyni hjá bóksala og póstmeistara Ó. Finsen önnur 50 eintök; hvert þeirra skyldi kosta 1 kr. 50 a. Af þessu riti hefur hinn stefndi aðeins selt 57 eintök; hinum óseldu 43 hefur hann skilað aptur.

Hinn 8. nóvbr. f. á. seldu hinir 3 fyrst nefndu útgefendur ritsins áfrýjanda skuld þá, er þeir áttu hjá hinum stefnda fyrir ritið, og til þess að ná henni hefur hann höfðað mál þetta, og krafizt fyrir landsyfirdóminum:

1. að undirdómurinn verði dæmdur ómerkur og hinn stefndi skyldaður til að greiða honum andvirði þeirra 57 expl. af „Verðandi“, sem hann hefur selt, að frádregnum sölulaunum, eða 68 kr. 40 a. ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags;
2. að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða honum allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með 50 kr. eða eptir mati rjettarins;
3. að hinn stefndi verði sektaður fyrir ósæmilegan rithátt fyrir undirrjettinum og orðið „ósvífinn“ um meðútgefendur sína dæmt dautt og ómerkt.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjadi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sjer 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Hinn stefndi hefur að vísu kannazt við, að útgefendurnir hafi sent sjer áður umgetin 50 expl., en hann tekið við hinum 50 hjá póstmeistara Finsen, en hefur haldið því fram, að hann, með því einungis einn þeirra, E. Hjörleifsson, hafi haft viðskipti við sig, hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að hann ætti við hann einan um andvirði ritsins, enda hafi hann sent honum reikning, og gjört honum skil fyrir andvirði þess, sem selt var af ritinu, en það hefur hann gjört með því að draga upphæðina frá skuld, er hann segir að E. Hjörleifsson eigi sjer að lúka.

En yfirdómurinn getur ekki álitíð, að hinum stefnda hafi borið nein heimild til þess á þennan hátt að standa skil á andvirðinu, heldur að honum hafi verið skylt að greiða hverjum einum útgefendanna til-

tölulegan hluta andvirðisins, en þar sem eptir mála-
vöxtum ekki þykir ástæða til að neita því, að hann
hafi haft rjett til skuldskeytingar að því er snertir
Einar Hjörleifsson, virðist honum aðeins skylt vera
að greiða áfrýjanda $\frac{3}{4}$ hluta dómkröfu hans, eða
51 kr. 30 a. með 5⁰/₀ vöxtum þaraf frá sáttakæru-
degi til borgunardags. Með því ummæli þau, sem
dæmd eru ómerk fyrir undirdómi eru viðhöfð af og
um menn, sem standa fyrir utan málið, er ekki á-
stæða til að dæma þau dauð og marklaus.

Samkvæmt þessum úrslitum virðist málskostnaður
fyrir báðum dómum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum stefnda, bóksala Kr. Ó. Þorgrímssyni,
ber að greiða áfrýjandanum 51 kr. 30 a. með
5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi unz greitt verð-
ur. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli
niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá
lögbirting hans, ella sæti hinn stefndi aðför
að lögum.

Nr. 5/1885. Hið sunnlenzka sildarveidafjelag
gegn

O. Wathne á Seyðisfirði.

D ó m u r :

Tildrögin til máls þessa eru þau, er nú skal greina:
Með samningi, er gjörður var í Bergen 28. marz
1881, var stofnað fjelag til að reka sildarveidar við